

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Nýjar skýringar

Regla 17.1d(2)

1. Viðmiðunarstaður fyrir aftur-á-línu lausn verður að vera utan vítasvæðisins.

Fyrirmynd staðarreglu E-12

1. Staðarregla E-12 Bolta leikið utan lausnarsvæðis þegar tekin er aftur-á-línu lausn

Fyrirmynd staðarreglu G-9

1. Staðarregla G-9 Að skipta um kylfu sem er brotin eða umtalsvert skemmd
-

REGLUR

Regla 1:

Regla 1.3c(4):

1. Að leika frá röngum stað er tengt atburðinum að valda því að boltinn hreyfist:

Ef leikmaður hreyfir bolta sinn í leik, í andstöðu við reglu 9.4, og leikur boltanum af nýja staðnum í stað þess að leggja boltann aftur fær leikmaðurinn aðeins almenna vítið samkvæmt reglu 14.7 fyrir að leika af röngum stað. Að hreyfa boltann í andstöðu við reglu 9.4 er tengt því að leika af röngum stað í andstöðu við reglu 14.7. (Bætt við 12/2018)

Regla 4:

Regla 4.1b(3)

Sjá umfjöllun um verklag nefnda í lok þessa skjals varðandi fyrirmynd staðarreglu G-9 Að skipta um kylfu sem er brotin eða umtalsvert skemmd.

Regla 4.1c:

1. Ef kylfa er tekin úr leik má ekki nota hana það sem eftir er af umferðinni:

Ef umframkylfa var tekin úr leik fyrir umferð en höfð með þegar umferðin var leikin, eða kylfa var tekin úr leik á meðan umferð var leikin, má ekki nota þá kylfu það sem eftir er umferðarinnar. Þetta á líka við þegar leikmaðurinn má skipta um kylfu og er viðbótar takmörkun í reglu 4.1b(4). (Bætt við 12/2018)

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Regla 5:

Regla 5.2:

1. Fyrsta brot á sér stað þegar fyrsta höggið er slegið:

Vítið fyrir fyrsta brot á reglu 5.2 á við þegar leikmaður brýtur regluna með einni athöfn (svo sem að slá högg). Frávísunarvítið fyrir annað brot á við þegar leikmaðurinn aðhefst eitthvað frekar, sem ekki er leyft (svo sem að rúlla bolta eða slá annað högg). Þetta eru ekki tengd brot í skilningi reglu 1.3c(4). (Bætt við 12/2018)

Regla 10:

Regla 10.2b(4):

1. Merking þess að „byrja að taka sér stöðu fyrir höggið“:

Regla 10.2b(4) heimilar leikmanni ekki að láta kylfubera sinn standa vísvitandi á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann, af hvaða ástæðu sem er, þegar leikmaðurinn byrjar að taka sér stöðu fyrir höggið. Tilvísun til „höggsins“ á við um höggið sem raunverulega er slegið.

Leikmaðurinn byrjar að taka sér stöðu fyrir höggið sem er raunverulega slegið þegar hann hefur staðsett a.m.k. annan fótinn fyrir þá stöðu.

Ef leikmaður stígur upp úr stöðunni hefur hann ekki tekið sér stöðu fyrir höggið sem raunverulega er slegið og seinna áhersluatriðið í reglu 10.2b(4) á ekki við.

Af því leiðir að ef leikmaður tekur sér stöðu þegar kylfuberinn stendur vísvitandi á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann er það víðlaust samkvæmt reglu 10.2b(4) ef leikmaðurinn stígur upp úr stöðunni og byrjar ekki að taka sér aftur stöðu fyrir en kylfuberinn hefur fært sig frá. Þetta á við alls staðar á vellinum.

Að stíga upp úr stöðunni merkir að fætur eða líkami leikmannsins eru ekki lengur þannig staðsett að það geti auðveldað mið vegna fyrirhugaðs höggs. (Bætt við 2/2019)

2. Dæmi þar sem kylfuberi stendur ekki vísvitandi aftan við bolta þegar leikmaður byrjar að taka sér stöðu

Regla 10.2b(4) heimilar leikmanni ekki að láta kylfubera sinn standa vísvitandi á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann, af hvaða ástæðu sem er, þegar leikmaðurinn byrjar að taka sér stöðu fyrir höggið. Tilvísun til „höggsins“ á við um höggið sem raunverulega er slegið.

Notkun hugtaksins „vísvitandi“ merkir að kylfuberinn geri sér grein fyrir að (1) leikmaðurinn er að byrja að taka sér stöðu fyrir höggið sem hann mun slá og (2) hann stendur á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann.

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Ef kylfuberinn gerir sér ekki grein fyrir þessu hvoru tveggja eru athafnir kylfuberans ekki vísitandi og regla 10.2b(4) á ekki við.

Eftirfarandi eru dæmi um hvenær athafnir kylfuberans teljast ekki vera vísitandi:

- Kylfuberinn er að raka glompu eða gera eitthvað sambærilegt til að halda vellinum snyrtilegum og gerir sér ekki grein fyrir að hann er á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann.
- Leikmaðurinn slær högg, boltinn stöðvast nærri holunni og leikmaðurinn gengur að boltanum og púttar í holuna. Kylfuberinn gerir sér ekki grein fyrir að hann stendur á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann þegar leikmaðurinn púttar.
- Kylfuberinn stendur á framlengingu leiklínunnar aftan við boltann en, þegar leikmaðurinn hreyfir sig til að byrja að taka sér stöðu, snýr kylfuberinn frá leikmanninum, horfir annað og er þess ekki meðvitaður að leikmaðurinn hefur byrjað að taka sér stöðu.
- Kylfuberinn er upptekinn við eitthvað (svo sem að áætla fjarlægð) og gerir sér ekki grein fyrir að leikmaðurinn hefur byrjað að taka sér stöðu.

Hins vegar, í dæmunum hér að framan, þegar leikmaðurinn verður þess var að leikmaðurinn hefur þegar byrjað að taka sér stöðu fyrir höggið sem hann ætlar að slá og kylfuberinn stendur á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann, verður kylfuberinn að leitast að fremsta megni við að færa sig frá.

Algengar athafnir kylfubera, ótengdar því að leikmaðurinn stillir sér upp, svo sem að athuga hvort kylfa leikmannsins muni hitta tré, hvort leikmaðurinn hafi truflun af göngustíg eða að halda regnhlíf yfir leikmanninum fyrir höggið, teljast ekki vísitandi athafnir samkvæmt reglu 10.2b(4). Eftir að hafa aðstoðað leikmanninn undir slíkum kringumstæðum er það vítalaut, svo fremi að kylfuberinn færi sig frá áður en höggið er slegið.

Ef leikmaðurinn eða kylfuberinn reyna að sniðganga megintilgang reglu 10.2b(4), sem er að tryggja að leikmaðurinn verði að takast á við að miða, teljast athafnir kylfuberans vera vísitandi. (Bætt við 2/2019)

3. Aðstoð við miðun áður en leikmaðurinn hefur byrja að taka sér stöðu fyrir högg:

Í túlkun 10.2b(4)/1 er útskýrt að megintilgangur reglu 10.2b(4) er að tryggja að leikmaðurinn einn verður að takast á við miðun fyrir högg.

Í þeim tilvikum að leikmaðurinn hefur ekki byrjað að taka sér stöðu fyrir höggið en:

- Fætur eða líkami leikmannsins eru nærri þeirri stöðu að hún gæti aðstoðað við miðun og
- Kylfuberinn stendur vísitandi á eða nærri framlengingu leiklínunnar aftan við boltann,

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

telst leikmaðurinn hafa byrjað að taka sér stöðu fyrir höggið (þótt fætur hans séu ekki á endanlegum stað fyrir höggið) ef kylfuberinn aðstoðar leikmanninn við miðunina.

Ef aðstoð er veitt við miðun en leikmaðurinn stígur frá áður en hann slær höggið og kylfuberinn færir sig frá framlengingu leiklínunnar er ekki um brot á reglunni að ræða. Þetta á við hvar sem er á vellinum.

Aðstoð við miðun felst m.a. í að kylfuberinn aðstoðar með því að standa aftan við leikmanninn og færa sig frá án þess að segja neitt, en gefur leikmanninum með því merki um að mið leikmannsins sé rétt. (Bætt við 2/2019)

Regla 10.3b(2):

1. Kylfuberi má lyfta bolta þegar leikmaðurinn mun taka lausn:

Svo fremi að eðlilegt sé að álykta að leikmaðurinn muni taka lausn samkvæmt reglu er litið svo á að kylfuberi hans hafi fengið leyfi til að lyfta boltanum og má gera það, vítalaust. (Bætt við 12/2018)

Regla 11:

Regla 11.1b:

1. Hvernig beita á undantekningu 2 við reglu 11.1b:

Beita á undantekningu 2 við reglu 11.1b með því að nota viðmiðið um „vitað eða nánast öruggt“.

Af því leiðir að ef vitað er eða nánast öruggt að boltinn sem leikið var af flötinni hittir óvart einstakling, dýr eða hreyfanlega hindrun á flötinni gildir höggið ekki. (Bætt við 12/2018)

2. Lífandi skordýr eru dýr:

Undantekning 2 við reglu 11.1b nær til lífandi skordýra, því þau eru dýr. (Bætt við 12/2018)

Regla 13:

Regla 13.1c(2):

1. Staða skemmda vegna hagléls:

Lagfæra má skemmdir á flötinni sem orsakast af hagléli. (Bætt við 12/2018)

Regla 14:

Regla 14.3b(2):

1. Tí er búnaður leikmannsins:

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Tí sem leikmaðurinn notar, eða er í fórum leikmannsins eða kylfubera hans, er útbúnaður leikmannsins (svo sem tí sem notað er til að merkja viðmiðunarastað). (Bætt við 12/2018)

Regla 14.3d:

1. Ef bolti sem var látinn falla er vísvitandi sveigður úr leið eða stöðvaður á víti alltaf við:

Ef leikmaður lætur bolta falla á réttan hátt og sveigir boltann vísvitandi úr leið áður en boltinn stöðvast, í andstöðu við reglu 14.3d, verður leikmaðurinn að láta boltann falla aftur.

Þegar leikmaðurinn lætur boltann falla aftur telst hann ekki vera að leiðrétta mistök samkvæmt reglu 14.5b(3) og fær almenna vítið samkvæmt reglu 14.3d. (Bætt við 12/2018)

Regla 14.5c:

1. Leikmaður fær ekki víti ef betrumbót hefur engin áhrif á lausnarsvæðið þaðan sem bolta verður leikið:

Ef leikmaður bætir lausnarsvæðið en lætur boltann falla á rangan hátt fær leikmaðurinn ekki víti samkvæmt reglu 8.1a ef hann lætur boltann falla á réttan hátt á öðru lausnarsvæði, svo fremi að betrumbótin bæti ekki einnig lausnarsvæðið þaðan sem leikmaðurinn leikur boltanum. (Bætt við 12/2018)

Regla 16:

Regla 16.1a(3):

1. Merking orðanna „augljóslega óraunsætt að leika boltanum“ þegar ákvarðað er hvort lausn er heimiluð:

Tilgangur reglu 16.1a(3) er að koma í veg fyrir að leikmaður fái vítalausa lausn þegar augljóslega er óraunsætt að slá högg vegna truflunar af einhverju sem ekki er veitt lausn frá. Þetta á ekki við ef t.d. bolti leikmannsins er sokkinn á almenna svæðinu og leikmaðurinn stendur á óhreyfanlegri hindrun. Í því tilviki má leikmaðurinn taka lausn frá öðrum hvorum aðstæðnanna, nema lausn sé óeðlileg vegna truflunar frá einhverju öðru en þessu tvennu. (Bætt við 12/2018)

Regla 16.3b:

1. Leikmaður á ekki alltaf rétt á lausn vegna sokkins bolta:

Ef bolti leikmanns er sokkinn á almenna svæðinu en hvorki viðmiðunarstaðurinn né einhver hluti vallarins innan einnar kylfulengdar frá viðmiðunarstaðnum er á almenna svæðinu er leikmanninum ekki heimilt að taka vítalausa lausn samkvæmt reglu 16.3b.

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Til dæmis er vítalaus lausn ekki heimil ef:

- bolti er sokkinn neðst í kanti, vegg eða bakka ofan við glompu ball,
- staðurinn rétt aftan við boltann er í glompunni og
- enginn hluti lausnarsvæðisins innan einnar kylfulengdar frá viðmiðunarstaðnum og ekki nær holunni en viðmiðunarstaðurinn er á almenna svæðinu. **(Bætt við 12/2018)**

Regla 17:

Regla 17.1d(2):

1. Viðmiðunarstaður fyrir aftur-á-línu lausn verður að vera utan vítasvæðis:

Þegar tekin er aftur-á-línu lausn frá vítasvæði verður viðmiðunarstaðurinn að vera utan vítasvæðisins. **(Bætt við 4/2019)**
2. Sjá kafla um verklag nefnda aftast í þessu skjali varðandi fyrirmynd staðarreglu E-12: Bolta leikið utan lausnarsvæðis þegar tekin er aftur-á-línu lausn.

Regla 24:

Regla 24.4b:

1. Ráðgjafi má ekki standa vísvitandi aftan við leikmann:

Ef ráðgjafi stendur vísvitandi aftan við leikmann frá því leikmaðurinn byrjar að taka sér stöðu og leikmaðurinn biður ráðgjafann eða heimilar honum að gera þetta fær leikmaðurinn almenna vítið samkvæmt reglu 10.2b(4) – sjá reglu 1.3c(1), fyrsta áhersluatriði.

Ef leikmaðurinn bað ráðgjafann ekki um að standa þarna og heimilaði honum það ekki en veit að þetta er óheimilt og grípur ekki til eðlilegra ráðstafana til að koma í veg fyrir það fær leikmaðurinn almenna vítið samkvæmt reglu 10.2b(4) – sjá reglu 1.3c(1), annað áhersluatriði. **(Bætt við 12/2018)**

SKILGREININGAR

Kylfulengd:

1. Merking hugtaksins „kylfulengd“ í leik samherja:

Í leikformum þar sem samherjar koma við sögu má nota lengstu kylfu annars hvors samherjans, aðra en púttar, til að skilgreina stærð teigsins eða ákvarða stærð lausnarsvæðis. **(Bætt við 12/2018)**

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Lausnarsvæði:

1. Að ákvarða hvort bolti er innan lausnarsvæðis:

Þegar ákvarðað er hvort bolti hafi stöðvast innan lausnarsvæðis (þ.e. innan einnar eða tveggja kylfulengda frá viðmiðunarstað, eftir því hvaða reglu er verið að beita) er boltinn innan lausnarsvæðisins ef einhver hluti boltans er innan einnar eða tveggja kylfulengda frá viðmiðunarstaðnum. Hins vegar er bolti ekki innan lausnarsvæðis ef einhver hluti boltans er nær holunni en viðmiðunarstaðurinn eða ef einhver hluti boltans hefur truflun frá aðstæðunum sem verið er að taka vítalausa lausn frá. (Bætt við 12/2018)

VERKLAG NEFNDA

Fyrirmynd staðarreglu B-2:

1. Lína til staðar á gagnstæðri hlið má ekki vera ná yfir annað svæði vallarins:

Þegar fyrirmynd staðarreglunnar er í notkun, ef bein lína frá jaðrinum þar sem boltinn skar síðast mörk vítasvæðisins yfir til jaðarsins hinum megin við vítasvæðið, jafnlangt frá holunni, fer út fyrir vítasvæðið er leikmanninum ekki heimilt að taka lausn við staðinn hinum megin við vítasvæðið. (Bætt við 12/2018)

Fyrirmynd staðarreglu E-12:

1. Staðarregla E-12 Bolta leikið utan lausnarsvæðis þegar tekin er aftur-á-línu lausn

Fyrirmynd staðarreglu E-12 Bolta leikið utan lausnarsvæðis þegar tekin er aftur-á-línu lausn

Tilgangur. Nefndir geta innleitt staðarreglu til að fyrirbyggja víti undir sérstökum kringumstæðum þegar bolta er leikið utan lausnarsvæðis eftir að aftur-á-línu lausn hefur verið tekin.

Samkvæmt þessari staðarreglu fær leikmaðurinn ekki víti fyrir að leika af röngum stað svo fremi að boltinn sé látinn falla innan lausnarsvæðisins og hann stöðvist innan einnar kylfulengdar frá staðnum þar sem hann snerti fyrst jörðina.

Til dæmis, ef bolti rúllar örlítið fram fyrir viðmiðunarstaðinn eftir að hafa verið látinn falla á réttan hátt og innan lausnarsvæðisins, en er innan einnar kylfulengdar frá staðnum þar sem hann snerti fyrst jörðina eftir að hafa verið látinn falla. Í slíkum tilfellum getur leikmaðurinn annað hvort farið að samkvæmt reglu 14.3c(2) eða leikið boltanum þar sem hann stöðvaðist.

Þessa staðarreglu á einungis að nota í tengslum við aftur-á-línu lausn.

Fyrirmynd staðarreglu E-12

„Þegar tekin er aftur-á-línu lausn er vítalaust þótt leikmaðurinn leiki bolta sem var látinn *falla* innan *lausnarsvæðisins* eins og tilgreint er í viðeigandi reglu (regla 16.1c(2), 17.1d(2), 19.2b eða 19.3b) en stöðvast utan *lausnarsvæðisins*, svo fremi að boltanum sé leikið frá stað innan einnar *kylfulengdar* frá staðnum þar sem hann snerti fyrst jörðina þegar hann var látinn *falla*.

Skýringar á golfreglum 2019

Uppfært 23. apríl 2019

Skýringarnar verða að öllu jöfnu uppfærðar ársfjórðungslega, í janúar, apríl, júlí og október. Næsta reglulega uppfærsla verður í byrjun júlí 2019.

Þessi undantekning frá víti að einnig við þótt boltanum sé leikið frá stað sem er nær holunni en *viðmiðunarstaðurinn* (en ekki ef boltanum er leikið af stað sem er nær holunni en upphafleg staðsetning boltans eða áætlaði staðurinn þar sem boltinn skar síðast jaðar *vítasvæðis*).

Þessi staðarregla breytir ekki aðferðinni við að taka aftur-á-línu lausn samkvæmt viðeigandi reglu. Í því felst að *viðmiðunarstaðurinn* og *lausnarsvæðið* breytist ekki vegna þessarar staðarreglu og að ef leikmaður lætur bolta falla á réttan hátt og boltinn stöðvast utan *lausnarsvæðisins* getur leikmaðurinn beitt reglu 14.3c(2), hvort sem er eftir fyrra eða seinna skiptið sem hann lætur bolta falla.“ (Bætt við 4/2019)

Fyrirmynd staðarreglu F-5:

1. Óhreyfanleg hindrun þarf ekki að vera á almenna svæðinu:

Í samhengi við staðsetningu óhreyfanlegu hindrunarinnar felur orðalagið „innan tveggja kylfulengda frá flötinni“ einnig í sér óhreyfanlega hindrun sem er á flötinni. (Bætt við 12/2018)

Fyrirmynd staðarreglu G-9:

1. Staðarregla G-9 um skipti á kylfu sem er brotin eða umtalsvert skemmd

Fyrirmynd staðarreglu G-9

„Reglu 4.1b(3) er breytt, þannig:

Ef kylfa leikmanns „brotnar eða skemmist umtalsvert“ af leikmanninum eða kylfubera hans á meðan á umferð stendur, af öðrum orsökum en misbeitingu, má leikmaðurinn skipta um kylfu í samræmi við reglu 4.1b(4).

Þegar leikmaðurinn skiptir um kylfu verður hann að taka brotnu eða umtalsvert skemmdu kylfuna samstundis úr leik, í samræmi við ferlið í reglu 4.1c(1).

Með tilliti til þessarar staðarreglu:

- Er kylfa „brotin eða umtalsvert skemmd“ þegar:
 - skaftið brotnar í sundur, flísast úr því eða það bognar (en ekki ef það hefur einungis dældast)
 - höggflöturinn er sýnilega aflagaður (en ekki ef hann er einungis rispaður)
 - kylfuhousinn er sýnilega og umtalsvert aflagaður
 - kylfuhousinn er aðskilinn frá skaftinu eða laus, eða
 - gripið er laust.

Undantekning: Höggflöturinn eða kylfuhousinn eru ekki „brotin eða umtalsvert skemmd“ eingöngu vegna þess að sprunga hefur myndast.

Víti fyrir brot á staðarreglu – Sjá reglu 4.1b.” (Bætt við 4/2019)